

1982

Fimmtudaginn 11. nóvember 1993.

Nr. 453/1993. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

Helga Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1993, sem barst Hæstarétti 8. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími en í hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. nóvember 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Helga Ólafssyni, kt. 050267-4589, með lögheimili að Bárugötu 4, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 föstudaginn 26. nóvember nk. vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

— — —
Af framansögðu þykir rökstuddur grunur vera um, að kærði hafi haft milligöngu um kaup fíkniefna erlendis svo og fjármögnun þeirra og innflutning. Brot þessi geta varðað kærða fangelsisrefsingu lögum samkvæmt. Rannsókn máls þessa er ólokið. Í kröfugerð lögreglustjóra kemur fram, að nýjar upplýsingar hafi borist í gær um þátt kærða í fíkniefnainnflutningi í byrjun september á síðasta ári, er tollverðir á Seyðisfirði lögðu hald á

1983

tæp sex kíló af hassi og 200 g af amfetamíni. Eftir er að yfirheyra fleiri aðila, sem hugsanlega tengjast þeim innflutningi.

Inn í rannsókn þessa hefur á síðustu dögum blandast fjármálamisferli, sem RLR hefur aðstoðað við rannsókn á, og er eftir að rannsaka þátt hvers og eins hinna grunuðu í því misferli. Misferlið mun einkum felast í fölsun á undirskriftum ábyrgða vegna greiðslukortauðttekta.

Þar sem hætta þykir á, að kærði muni torvelda rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna, svo sem með því að afmá merki eftir brot eða hafa áhrif á vitni eða samseka, verður að telja nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi. Hins vegar verður ekki talið, að tilvísun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi við, svo sem sakarefni málsins horfir við, en krafan verður tekin til greina með tilvísun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til fimmtudagsins 25. nóvember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Helgi Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til kl 16.00 fimmtudaginn 25. nóvember 1993.
